

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1982

10. febrúar 1982.

61

Nr. 19.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 680 30. desember 1981, um sérstakt tímabundið vörugjald.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar:
84.15.41, 84.18.31, 84.19.31, 84.40.71, 85.06.50 og 85.12.70.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 10. febrúar 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

11. febrúar 1982.

Nr. 20.

AUGLÝSING

um nánari skýringu á breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.

Með vísun til auglýsingar nr. 17 4. febrúar 1982, um breytingu á gjaldskrá rafveitna, staðfestir ráðuneytið að liðir A—1, A—2 og C—1 í gjaldskrá Rafveitu Akureyrar hækki aðeins sem nemur 50% af heildsöluverðshækkun eða um 7%.

Hækkun þessi gildir frá og með 5. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 11. febrúar 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Stjórnartíðindi B 7, nr. 19—20. Útgáfudagur 11. febrúar 1982.